

Mál nr. 147/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 27. maí 2022.
3. Bréf V2, dags. 21. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, sem eigandi bifreiðar A, tilkynnti um tjón á bifreið sinni sem hann telur hafa orðið með árekstri við bifreið B hinn 29. mars 2022 á bílastæði við Bónus á Smáratorgi. Bifreið B er vátryggð hjá V2 og bifreið A er vátryggð hjá V1. Í tölvupósti frá V2 til V1, dags. 19. apríl 2022, er haft eftir ökumanni bifreiða B að hún lýsi atvikum þannig að ekki hafi orðið árekstur með bifreiðunum í greint sinn. Í skýrslu frá fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi (A&Ö) dags. 3. maí 2022 kemur fram að starfsmaður fyrirtækisins, að ósk V1, bar saman bifreiðar A og B m.t.t. mögulegra ákoma á bifreiðunum. Mat starfsmannsins eftir skoðun á báðum bifreiðum og framburði ökumanna að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreið A og ekki hægt að finna áberandi ákomu í sömu hæð og M benti á á sinni bifreið og bifreið B.

M vísar til mynda af bifreið sinni þar sem hann telur vera augljósa ákomu í rauðum lit á sinni bifreið (A) og sé það í samræmi við lit á bifreið B. M vísar á bug ályktunum í skýrslu A&Ö og áréttar að hann hafi horft á þegar ökumaður bifreiðar B ók á bifreið A.

V1 telur að ákoma á bifreið A sjáist á myndum og komi það einnig fram á myndum frá verkstæði sem M fór á með bifreiðina. V1 telur ákomustað í „...48-45/55 cm hæð.“ stemma við ákomur á hægri framhorni bifreiðar B. Einnig telur V1 að ekki verði byggt á framburði sem hafður sé eftir ökumanni bifreiðar B í tölvupósti frá V2 dags. 19. apríl 2022.

V2 telur ósannað að ökumaður bifreiðar B hafi valdið tjóni á bifreið M og vísar til ályktunar í skýrslu A&Ö, dags. 3. maí 2022. Einnig áréttar V2 að engin áberandi ákoma sé á bifreið B í sömu hæð og M hafi bent á að ákomustaður á sinni bifreið hafi verið og að gömul ákoma á bifreið B sé 24 sm breið en meint ákoma á bifreið A hafi einungis verið 6 sm breið.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort sannað sé að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B og hvort tjón hafi orðið á bifreið A sem rekja megi til hans. Lýsingum ökumanna af atburðarás ber ekki saman, engin vitni eru af árekstrinum og skv. mati sérstaks skoðunarmanns frá fyrirtækinu A&Ö telur hann ekki sannað að tjón hafi orðið á bifreið A sem rekja megi til áreksturs við bifreið B.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Í þessu máli er verulegur vafi um hvort árekstur hafi orðið með bifreiðunum auk þess sem sönnunargögn benda eindregið til þess að ekki megi rekja mögulegt tjón á bifreið A til áreksturs við bifreið B. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður sá að bera sem hefur sönnunarbyrðina, þ.e. M sem eigandi bifreiðar A og á hann því ekki rétt á bótum frá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir